

## Fundargerð

### 10. fundur stjórnar Fiskeldissjóðs 7. september 2021, kl. 14:00

**Fundarstaður:** Í húsnæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

**Fundarmenn:** Haraldur L. Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson, Hallveig Ólafsdóttir.

**Fundartími:** 14:00-16:00

Dagskrá 14:00:

#### *Almennt um umsóknir*

Fyrst var rætt almennt um umsóknir m.a. hvort verkefni falli að áherslum sjóðsins, hvort óvissuþættir varðandi framkvæmd þeirra væru miklir og jafnframt hvort stærri verkefni væru fullfjármögnuð. Rætt var í því samhengi hvort sveitarfélög myndu fara í verkefni ef þau fengju aðeins hluta af umbeðnum styrk, en sjóðnum bárust umsóknir sem samsvara hærri fjárhæðum en sjóðurinn hefur til úthlutunar í ár.

#### *Viðbótargögn*

Frestað. Tekin var ákvörðun um að ræða möguleikann á viðbótargögnum á fundi föstudaginn 10. september.

#### *Yfirferð umsókna*

Farið var yfir fjórar umsóknir og tekin ákvörðun um að boða til aukafundar 9. september.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið 16:00.

Fundargerð ritaði Hallveig Ólafsdóttir.